

Kerhraunsfréttir

Takið frá þriðjudaginn 12. apríl

Farfuglarnir mæta í Kerhraunið

Um páskana sást til fyrstu farfuglanna í Kerhrauni en fólk sem var í sumarhúsum sínum vaknaði upp við fagran og mikinn söng fyrstu Skógarprastanna sem vart hefur orðið við nú í vor.

Þá sást einnig til Álftahópa sem voru að búa sig til landingar á Álftavatni og Grágæsa og ljóst að fleiri tegundir muni mæta á svæðið innan ekki langs tíma.

Ennþá frost í jörðu

Lóðareigandi í Kerhrauni sem gróðursetti tré á lóð sinni um páskana komst að því að enn er frost í jörðu. Frosthellan var um 20 cm þykk.

Vatnsmálið enn í miklum ólestri

Vatnsmál í Kerhrauni eru enn í miklum ólestri. Dæmi eru um fólk sem mætti í bústað sinn um páskana en varð frá að hverfa þar sem ekki kom dropi úr lögninni. Staða vatnsmála verður kynnt nánar á aðalfundinum.



Vegurinn lagfærður um páskana

Um páskana var mikil umferð í Kerhrauni og lét vegurinn undan álaginu á þremur stöðum. Um tíma var vegurinn nánast ófær og var kallaður út verktaki til að lagfæra veginn á þremur stöðum.

Vegurinn um Kerhraun er mjög viðkvæmur á þessum árstíma enda frost að fara úr jörðu og svo er vegurinn efnislítill á löngum köflum. Rétt er að biðja fólk um að aka varlega og varast eins og hægt er að aka út í vegkanta.

Nú á að taka upp staurana á hliðinu!!

Búið er að lagfæra rimlahliðið inn á Kerhraunssvæðið. Endastaurar hliðsins voru eknir niður af stóru ökutæki og hefur viðgerð farið fram.

Ef fólk er með stóra vörubíla á sínum vegum, annað hvort með efni úr námunni eða er að flytja hús á svæðið, er rétt að hvetja fólk til að láta bílstjóra vita af því að taka á staurana upp áður en ekið er í gegnum hliðið. Það er auðveld og fljótleg framkvæmd sem tekur aðeins skamma stund. Eftir að akstri er lokið á vitaskuld að skilja við hliðið með endastaurana á sínum stað.

Aðalfundurinn verður 12. apríl

Ágætu félagar!

Nú er sólin farin að hækka á lofti og það er komin vorhugur í stjórna og væntanlega fleiri eigendur lóða í Kerhrauni.

Aðalfundur Félags sumarhúsaeygenda í Kerhrauni verður haldinn þriðjudaginn 12. apríl n.k. í Rafiðnaðarskólanum, Skeifunni 11b, 2. hæð og hefst fundurinn kl. 20.00.

Allir lóðaeigendur í Kerhrauni fá sent fundarboði í ábyrgðarbréfi þegar nær dregur. Í fundarboði verða upplýsingar um efni fundarins.

Rétt er að hvetja alla er málið varðar til að taka frá þessa kvöldstund og mæta á aðalfundinn.

Útgefnaði:

Félag
sumarhúsaeygenda í Kerhrauni.

Umsjónarmaður:
Stefán Kristjánsson
gv@centrum.is

Með bestu kveðju, Stefán Kristjánsson